

14. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn fimmtudaginn 7. janúar kl. 16:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir, Bjarni Arnar Hjaltason, Unnsteinn Eggertsson, og Sigfríð Lárusdóttir. Marta Esther Hjaltadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.
2. Umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026.
3. Staða mála, sameiginlegt sorphirðuútböð uppsveita.

1. Umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Tilgangur með stofnun Hálendisþjóðgarðs er í grunninn góður, sem byggir á hugmynd um að vernda og bæta miðhálandi Íslands og fá fram heildarsýn yfir landsvæðið. Hins vegar er mörgu ábótavant í frumvarpinu og ekki hægt að styðja það að svo stöddu án breytinga.

Nauðsynlegt er að fá fram, áður en frumvarpið verður samþykkt, hvernig flokkun friðlýsingar (IUCN) er um að ræða innan þjóðgarðsins.

Tryggja þarf að hægt sé að fara í nauðsynlegar framkvæmdir innan garðsins og nýta efni innan svæðis sé þess kostur samanber bætingu vegakerfis.

Í 13. gr frumvarpsins er nauðsynlegt að umdæmisráðin komi að ráðningu þjóðgarðsvarðar innan síns umdæmis þar sem þjóðgarðsvörður er nánasti starfsmaður ráðsins.

Tryggt verði að gjaldtöku innan þjóðgarðsins verði stillt í hóf.

Að tryggt sé að gildandi samningar sem eru nú þegar í gildi innan svæðisins, sem Hálendisþjóðgarður mun marka, haldi sér.

Að allir virkjanakostir, sem eru í bið- og nýtingarflokki, sama hvort þeir séu innan jaðarsvæða eða ekki, fái sitt lögformlega ferli sem rammaáætlun segir til um, enda erfitt að spá hver orkuþörf verður í framtíðinni. Í þessu samhengi er rétt að benda á að orkuskipti í samgöngum krefjast mikillar orku og þarf að virkja í sátt við náttúruna. Virkjun og náttúruvernd geta farið saman. Kostnaður vegna nefndafólks, stjórnar og yfirstjórnar verður hlutfallslega hár miðað við fjárþörf þjóðgarðsins í heild.

Tryggja þarf skýrt og fyrirsjáanlegt ferli varðandi leyfisveitingar hverju sinni.

Leyft sé að nota flygildi innan garðsins nema sérstaklega sé kveðið á um annað en ekki öfugt.

Heimila þyrlu- og flugvélalendingar utan flugvallasvæða án leyfis þjóðgarðsvarðar ef um er að ræða björgunar- og neyðarstarf.

Tryggja þarf að höfuðstöðvar þjóðgarðsins séu einhvers staðar innan sveitarfélaganna sem falla undir Hálendisþjóðgarð.

Tryggja skal að stjórnarskrár varin réttindi haldi sér.

Samþykkt samhljóða.

2. Umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Formaður kynnti stefnuna og rætt var um hana. Nefndin tekur undir álit skipulagsnefndar UTU um mikilvægi þess að tryggja að dreifð byggð fái að blómstra og sé ekki bundin í fjötra. Nefndin fagnar nýju ákvæði nr. 5.3.4 um að landbúnaðarsvæði skuli skilgreind en slíkt fyrirkomulag hefur verið í Hrunamannahreppi um árabíl til að tryggja landbúnaðarland. Tryggja þarf víðtæka sátt um stefnumörkun um óbyggð víðerni. Meðfylgjandi er bókun UTU:

„Skipulagsnefnd UTU telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherslum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsu markmiðum utan vinnutíma. Hófleg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherslum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.“

3. Staða mála, sameiginlegt sorphirðuútboð uppsveita.

Formaður fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning að sameiginlegu sorphirðuútboði uppsveita. Mikil vinna hefur átt sér stað við að kortleggja hvernig hægt er að standa að málinu og stefnan er enn sett á sameiginlegt útboð sveitarfélaganna fjögurra. Útboðið mun líklega hafa þau áhrif að auka þarf flokkun enn frekar í Hrunamannahreppi með því að taka upp fjórðu tunnuna. Þá verður sama flokkunarkerfi í sveitarfélögunum í uppsveitum Árnassýslu.